

Skólareglur Foldaskóla

2024-2025





Forsendur

Í reglugerð nr.1040/2011 um skólareglur er kveðið á um að skólareglur skuli vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við aðalnámskrá og lög um grunnskóla. Í þeim á að kveða á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms, heilbrigðar og hollar lífsvenjur og réttindi og skyldur. Í reglunum á að koma skýrt fram hvernig skólinn ætlar að bregðast við brotum á þeim.

Skólareglur Foldaskóla gilda hvar sem nemendur og starfsmenn eru á vegum skólans. Þær eru stuðningur við starfsumhverfi skólans og byggjast á því að nemendur séu komnir í skólann til þess að læra í friði, sátt og samlyndi við aðra. Vellíðan í skólanum er á ábyrgð allra, jafnt starfsmanna, nemenda sem og forráðamanna þeirra.

Í Foldaskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu.

Reglurnar eru rifjaðar upp í upphafi hvers skólaárs og bekkjarreglur unnar innan hvers bekkjar í framhaldi af því.



Í Foldaskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu.

Í Foldaskóla ...

- á öllum að geta liðið vel
- sýnum við kurteisi og tillitssemi
- erum við vinnusöm
- erum við hjálpfús
- erum við vingjarnleg
- gætum við orða okkar og forðumst að særa aðra
- beitum við hvorki líkamlegu né andlegu ofbeldi
- virðum við réttindi annarra nemenda
- hlítum við fyrirmælum starfsfólks
- berum við ábyrgð á eigum okkar sem við erum með s.s. tölvubúnaði, sínum, hjólum eða öðrum verðmætum.
- erum ekki með síma í kennslustundum

Í skólastofunni...

- mætum við stundvíslega í kennslustundir
- mætum við með viðeigandi kennslugögn
- berum við virðingu fyrir ólíkum námsaðferðum samnemenda okkar.
- erum við kurteis
- förum við eftir fyrirmælum
- höldum við vinnufrið
- hlustum við á þann sem hefur orðið
- virðum við vinnusvæði annarra
- göngum við frá eftir okkur
- biðjum við um leyfi til að fara fram
- er slökkt á sínum og þeir hafðir í töskum/kassa nema þeir nýtist í námi að mati kennara
- erum við umhverfisvæn, forðumst matarsóun og flokkum sorp

Í matsalnum ...

- förum við í röð
- notum við inniröddina
- erum við hvorki í úlpum né með húfur

- erum við ekki með skólatöskur
- göngum við frá eftir okkur
- yfirgefum við ekki salinn án leyfis
- notum við ekki síma í matsal

Á göngunum ...

- göngum við en hlaupum ekki
- erum við örugg
- förum við úr útiskóm og röðum þeim
- virðum við eigur annarra
- hengjum við föt á snaga

Í frímínútum...

- höldum við okkur á skólalóðinni
- göngum við vel um lóðina
- förum við inn um leið og hringir
- látum við fullorðinn vita ef einhver meiðir sig eða líður illa

Í skólaferðum...

förum við eftir skólareglum

erum við sjálfum okkur, skólafélögunum og Foldaskóla til sóma

Símar eru ...

-Símar eru ekki leyfðir í kennslustundum nema með leyfi kennara.

-Símar eiga að vera í töskunni eða í símakassa hjá kennara

-Ef nemandi brýtur reglur um símanotkun

- Viðvörðun 1- sími á að fara í tösku eða símakassa
- Viðvörðun 2- ef sími fer ekki í tösku eða símakassa þá er hann tekinn og geymdur hjá kennara. Skráð í Mentor
- Viðvörðun 3 - Nemanda vísað út tíma með símann og haft samband heim og foreldri sækir símann.

Daglegt líf í Foldaskóla ...

- við látum vita ef okkur eða öðrum líður illa í skólanum
- við göngum vel um eigur okkar og annarra
- við erum stundvís og mætum með viðeigandi gögn í skólann -

- við sýnum kurteisi og tillitsemi - við tökum afstöðu gegn einelti
- Neysla orku- og gosdrykkja sem og sælgætis er bönnuð í skólanum nema á skólaskemmtunum þegar það á við.
- Öll meðferð tóbaks og annarra vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóð og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Farsímar nemenda í 1.-7. bekk skulu vera í skólatöskum á skólatíma en notkun farsíma er leyfð í frímínútum og í eyðum nemenda í 8.-10. bekk.
- Allar hljóð- og myndatökur eru óheimilar nema með sérstöku leyfi kennara.

Hlutverk nemenda er ...

- að fylgja og virða reglur skólans
- að stuðla að jákvæðum skólabrag þar sem einelti þrífst ekki
- að fylgja því námsefni sem fyrir þá er lagt
- að tileinka sér góð vinnubrögð
- að koma fram við aðra eins og þeir vilja að komið sé fram við þá
- að fylgja fyrirmælum kennara og starfsfólks
- að koma vel undirbúnir til starfa
- að stuðla að góðum starfs- og vinnuanda
- að hlusta á og virða sjónarmið annarra nemenda og starfsfólks
- að sýna tillitssemi og umburðarlyndi

- að vera ábyrgir gagnvart eigin námi
- að láta vita ef illa gengur eða ef vanlíðan gerir vart við sig
- að læra eftir bestu getu
- við berum virðingu fyrir umhverfisstarfi skólans
- við geymum útifatnað í fatahengi
- við erum einungis með gosdrykki og sætindi þegar skólinn gefur sérstakt leyfi fyrir því

Hlutverk kennara og starfsmanna er ...

- að stuðla að þægilegu starfsumhverfi sem leiðir til öryggis og vellíðunar í skólastarfi
- að leiðbeina nemendum eftir bestu getu
- að aðstoða nemendur við að afla sér þekkingar
- að koma með ábendingar um mætingar nemenda í samræmi við reglur um skólasókn
- að koma með ábendingar um hegðun nemenda, jákvæðar sem neikvæðar
- að hafa ávallt í huga mismunandi getu, þarfir og aðstæður nemenda, sjá til þess að þeir fái verkefni við hæfi
- að veita nemendum tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína

- að eiga samvinnu við nemendur og forráðamenn þeirra um farsæla skólagöngu
- að stuðla að jákvæðum skólabrag þar sem einelti þrífst ekki
- að framfylgja reglum skólans - að koma fram af virðingu - að gæta jafnréttis
- að stuðla að jákvæðri ímynd skólans út á við

Ferill agamála

Í 4. grein reglugerðar nr. 1041/2011 segir:

- Nemendur skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.
- Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska.
- Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra.
- Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.
- Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.

Almennt skal haft í huga að:

- taka tillit til aldurs og þroska nemandans
- hrósa og gefa skýr fyrirmæli

- ítreka fyrirmæli og athuga hvort nemandi hafi skilið þau
- gefa tvo möguleika þegar nemandi fylgir ekki fyrirmælum

Ef nemandi velur að fylgja ekki fyrirmælum er farið í viðbrögð við hegðunarfrávikum og fara eftir ákvæðum 11. og 12. gr. V. kafla, reglugerðar nr. 1041/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

11. grein - Þar segir um misbrest á hegðun nemenda ...

- Brjótí nemandi af sér skal:

Kennari ræða við nemanda um hegðun hans til þess að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess og átti sig á ábyrgð sinni. Atvik skráð í Mentor

- Ef nemandi gerist aftur brotlegur við skólareglur

Kennari ræða við nemanda um hegðun hans til þess að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess og átti sig á ábyrgð sinni. Atvik skráð í Mentor og haft samband við foreldra.

- Ef nemandi lætur ekki af hegðun

Kennari ræða við nemanda um hegðun hans og leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta.

Leggja skal áherslu á að leitað sé eftir samkomulagi og sáttaleiðum.

- Veita skal nemendum stuðning sýni þeir af sér óæskilega hegðun og/eða slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

- Nýta skal til fullnustu allar þær leiðir sem skólinn hefur tiltækar til að leita lausna og ráða bót á hegðun nemenda, að teknu tilliti til þroska þeirra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, eða aðstæðna að öðru leyti.
- Hegði nemandi sér í ósamræmi við skólareglur utan skólatíma telst það almennt ekki brot á skólareglum, nema þegar t.d. er um að ræða einelti eða annað ofbeldi sem á sér stað á leið nemanda til og frá skóla. Fer þá um viðbrögð í samræmi við skólareglur.
- Foreldrum skal ætíð svo fljótt sem auðið er gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og viðbrögðum skólans og gefa skal foreldrum kost á að tjá sig ef börn þeirra brjóta skólareglur.

12. grein – þar segir um Ítrekuð brot nemenda á skólareglum

- Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber umsjónarkennara hans að leita orsaka og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans og eftir atvikum með samningum.
- Sérstaklega skal skoða þroska nemanda, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa, aðstæður í nemenda- og félagahópnum, samskipti kennara og nemenda og samstarf heimila og skóla.
- Verði samt ekki breyting á til batnaðar skulu kennarar leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans á vegum sérfræðipjónustu sveitarfélaga, sem skulu leita leiða til úrbóta, að teknu tilliti til hlutverks nemendaverndarráðs, skv. reglugerð nr.

584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og hlutverks barnaverndaryfirvalda.

- **Gagnvart nemanda sem virðir ekki skólareglur, þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar, má grípa til þeirra viðbragða að**

-taka nemanda úr kennslu og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags.

- vísa nemanda tímabundið úr kennslustundum í ákveðinni námsgrein.

-meina nemanda þátttöku í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans vegna agabrota í félags- og tómstundastarfi.

- **Tryggja skal að nemandi sé í umsjón starfsfólks á vegum skólans á skólatíma eða í öðru kennsluúrræði innan skólans. Einnig er hægt að kalla eftir því að foreldri sækji viðkomandi nemanda í skólann.**
- **Ef nemandi virðir enn ekki skólareglur og ítrekuð brot hans á skólareglum eru alvarleg má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku. Ef allt um þrýtur og brot nemanda eru mjög alvarleg, s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar.**

Skólasóknarkerfi 1. – 10. bekk fyrir grunnskóla Reykjavíkur Verkferill

Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn.

Óstundvísi/seinkoma er eitt fjarvistarstig og óheimil farist er tvö fjarvistarstig.

ÞREP 1 (10 fjarvistarstig) Umsjónarkennari ræðir við nemandann og hefur samband við foreldra.

ÞREP 2 (20 fjarvistarstig) Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda, náms- og starfsráðgjafa og skólastjóra eða fulltrúa hans.

ÞREP 3 (30 fjarvistarstig) Fundur með skólastjórnanda / fulltrúa hans, umsjónarkennara, nemanda og foreldrum.

ÞREP 4 (40 fjarvistarstig) Fundur með skólastjórnanda / fulltrúa hans, umsjónarkennara, nemanda, foreldrum og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu).

ÞREP 5 (60 fjarvistarstig) Eftir umfjöllun í nemendaverndarráði sendir skólastjórnandi tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.